



Kjarasamningur

milli

Landssambands smábátæigenda annars vegar

og

Farmanna- og fiskimannasambands Íslands

(FFSÍ), Sjómannasambands Íslands

(SSÍ) og VM- Félags vélstjóra og

málmtæknimanna hins vegar

um kaup og kjör á smábátum.

Efnisyfirlit

1. gr. Skiptakjör skipverja	3
a). Veiðar með netum	3
b). Veiðar með línu, þegar beitt er eða stokkað upp í landi	3
c). Bátar með beitingavél.....	3
2. gr. Kauptrygging, kauptryggingartímabil og uppgjör.....	4
3. gr. Sala aflans	4
4. gr. Hlífðarfatnaður.....	5
5. gr. Fæðispeningar.....	5
6. gr. Orlofsfé	6
7. gr. Uppsagnarfrestur	6
a) Háseti:	6
b) Skipstjóri/vélstjóri:.....	6
8. gr. Greiðslur í lífeyrissjóð.....	6
9. gr. Félagsgjöld til stéttarfélags	7
10. gr. Greiðsla útgerðar í styrktar- og sjúkrasjóði.....	7
11. gr. Veikinda- og slysalaun sjómanna.....	7
12. gr. Slysathryggingar	8
1. Dánarbætur:	8
„2. Slysadagpeningar og örorkubætur:	9
13. gr. Réttur til launa vegna veikinda barna.....	10
14. gr. Gildistími sammingsins.....	11

1. gr. Skiptakjör skipverja.

Skipverjar skulu fá í sinn hlut eftirfarandi hundraðshluta af heildarverðmæti (brúttó) aflans. Sé afli seldur á fiskmarkaði er heimilt að draga uppboðskostnað frá heildarsöluverðmætinu áður en skipt er. Sé afli fluttur á erlendan markað í gámum er heimilt að draga flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis, annan en umboðslaun, frá heildarsöluverðmætinu áður en skipt er:

a). Veiðar með netum

Launagreiðslur án orlofs til skipverja skulu vera að lágmarki 26,5% af heildarverðmæti aflans og eru þá aukahlutir til einstakra skipverja meðtaldir. Launagreiðsla án orlofs til hvers háseta skal þó aldrei vera lægri en 6,25% af heildarverðmæti aflans eftir að aukahlutir hafa verið greiddir til annarra skipverja.

Dæmi I: 4 menn eru í áhöfn. Skipstjóri fær 7,75% í sinn hlut, en aðrir fá 6,25% hver. Launagreiðslur án orlofs eru því 26,5% af heildarverðmæti aflans.

Dæmi II: 4 menn eru í áhöfn. Engir aukahlutir greiddir, þ.e. allir fá jafnt. Hver skipverji fær þá 6,625% í sinn hlut. Launagreiðslur án orlofs eru því 26,5% af heildarverðmæti aflans.

b). Veiðar með línu, þegar beitt er eða stokkað upp í landi.

Launagreiðslur án orlofs til skipverja skulu vera að lágmarki 13,5% af heildarverðmæti aflans og eru þá aukahlutir til einstakra skipverja meðtaldir. Launagreiðsla án orlofs til hvers háseta skal þó aldrei vera lægri en 6,15% af heildarverðmæti aflans eftir að aukahlutir hafa verið greiddir til annarra skipverja.

Dæmi I: 2 menn eru í áhöfn. Skipstjóri fær 7,35% í sinn hlut, en hásetinn fær 6,15% . Launagreiðslur án orlofs eru því 13,5% af heildarverðmæti aflans.

Dæmi II: 2 menn eru í áhöfn. Engir aukahlutir greiddir, þ.e. allir fá jafnt. Hvor skipverji fær þá 6,75% í sinn hlut. Launagreiðslur án orlofs eru því 13,5% af heildarverðmæti aflans.

c). Bátar með beitingavél.

Launagreiðslur án orlofs til skipverja skulu vera að lágmarki 26,5% af heildarverðmæti aflans og eru þá aukahlutir til einstakra skipverja meðtaldir. Launagreiðsla án orlofs til hvers háseta skal þó aldrei vera lægri en 6,25% af heildarverðmæti aflans eftir að aukahlutir hafa verið greiddir til annarra skipverja.

Dæmi I: 4 menn eru í áhöfn. Skipstjóri fær 7,75% í sinn hlut, en aðrir fá 6,25% hver. Launagreiðslur án orlofs eru því 26,5% af heildarverðmæti aflans.

Dæmi II: 4 menn eru í áhöfn. Engir aukahlutir greiddir, þ.e. allir fá jafnt. Hver skipverji fær þá 6,625% í sinn hlut. Launagreiðslur án orlofs eru því 26,5% af heildarverðmæti aflans.

2. gr. Kauptrygging, kauptryggingartímabil og uppgjör.

Hver almanaksmánuður er sérstakt kauptryggingartímabil.

Útgerðarmaður skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum sem hér segir (án orlofs m.v. 1. janúar 2008):

- a) Háseti kr. 166.345
- b) Skipstjóri/vélstjóri..... kr. 241.530

Kauptrygging skv. framansögðu skal taka sömu breytingum og kauptrygging skv. kjarasamningum milli FFSÍ, VM og SSÍ annars vegar og LÍÚ hins vegar.

Útgerðarmaður skal hafa lokið launauppgjóri og launagreiðslu til skipverja eigi síðar en 15 dögum eftir lok kauptryggingartímabils. Þó skal greiða kauptryggingu vikulega.

Afleysingamenn skulu fá bráðabirgðauppgjör, þegar þeir fara úr skipsrúmi og fullnaðaruppgjör svo fljótt sem hægt er.

Í uppgjóri skal aflamagn og aflaverðmæti greinilega sundurliðað á skiptareikningi hvers skipverja.

3. gr. Sala aflans.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, með síðari breytingum.

Þegar afli er seldur í beinum viðskiptum, til eigin vinnslu, skulu útgerðarmaður og áhöfn gera sín í milli samning um fiskverð. Til að slíkur samningur öðlist gildi, skal

hann staðfestur með undirritun allra skipverja og útgerðar. Samningurinn skal vera í stöðluðu formi, þar sem fram komi m.a. verð einstakra fisktegunda, gildistími, uppsagnarákvæði o.s.f.rv.

Telji meirihluti áhafnar sig ekki eiga kost á samningi um sanngjarnt fiskverð samkvæmt framanskráðu, skal leita úrskurðar nefndar, sem skipuð var skv. lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðanefnd sjómanna og útvegsmanna. Með skyldum aðilum er átt við að útgerð og vinnsla séu í ráðandi eigu sömu aðila.

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1 mgr. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla. Kjósi áhöfn að kalla eftir slíkum samningi, skal það gert með minnst fimm sólarhringa fyrirvara og skal samningstími ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Náist ekki samkomulag um uppgjörsverð milli meirihluta áhafnar og útgerðar, skal vísa málinu til úrskurðar úrskurðarnefndar skv. lögum nr. 13/1998. Nefndin skal flýta störfum eins og kostur er og náist ekki samkomulag innan sjö sólarhringa skal kveðinn upp úrskurður innan fjögurra sólarhringa. Fiskverð skv. þessu skal gilda frá því úrskurður fellur, nema samkomulag sé um annað.

Um markmið varðandi verð á þorski og ýsu í beinum viðskiptum, þ.e. lágmarksverð í beinum viðskiptum, skulu ákvæði gerðardóms skv. lögum 34/2001 um kjaramál fiskimanna einnig gilda fyrir smábáta.

4. gr. Hlíðarfatnaður.

Útgerð skal leggja skipverjum til nauðsynlegan hlíðarfatnað (vinnuflotgalla og vettlinga).

5. gr. Fæðispeningar.

Í þeim tilvikum sem útgerð leggur skipverjum ekki til fæði um borð skal greiða skipverjum fæðispeninga. Fæðispeningar eru kr. 570 á dag og skulu taka sömu breytingum og fæðispeningar samkvæmt kjarasamningi milli samtaka sjómanna og LÍÚ.

6. gr. Orlofsfé.

Orlofsfé skal vera 10.17%. Eftir 10 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 11,59%. Eftir 15 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 13,04%. Að öðru leyti fer um orlof samkvæmt lögum.

Útgerðarmaður og skipstjóri skulu sýna fyllstu lipurð varðandi sumarleyfi skipverja.

7. gr. Uppsagnarfrestur.

a) Háseti:

Uppsagnarfrestur skal vera 7 dagar fyrstu 3 mánuði í starfi. Eftir 3ja mánaða samfelld starf skal uppsagnarfrestur vera 1 mánuður, 2 mánuðir eftir 3ja ára samfelld starf og 3 mánuðir eftir 4 ára samfelld starf.

b) Skipstjóri/vélstjóri:

Uppsagnarfrestur skal vera 3 mánuðir fyrstu 3 árin í starfi. Eftir 3ja ára samfelld starf skal uppsagnarfrestur vera 4 mánuður, 5 mánuðir eftir 5 ára samfelld starf og 6 mánuðir eftir 10 ára samfelld starf.

Uppsagnarfresturinn skal vera gagnkvæmur. Um laun í uppsagnarfresti skal fara eftir ákvæðum laga og kjarasamnings.

8. gr. Greiðslur í lífeyrissjóð.

Greiða skal iðgjald til Gildis lífeyrissjóðs af launum allra þeirra sem ráðnir eru á íslensk skip, einnig af launum þeirra sem starfa að viðhaldi skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar. Heimilt er að fullnægja iðgjaldsskyldu með greiðslu lífeyrisiðgjalds til þeirra landshlutasjóða, sem við gildistöku samnings þessa hafa tekið við lífeyrisiðgjöldum sjómanna.

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 12% af öllum launum. Skulu útvegsmenn greiða 8% en sjómenn 4%.

Greiða skal iðgjald af orlofsfé.

Þegar skipverji leggur til 2% eða hærra viðbótarframlag af öllum launum í séreignarsjóð greiðir úrgerðarmaður 2% mótframlag af öllum launum.

9. gr. Félagsgjöld til stéttarfélags.

Útgerðarmönnum er skylt að halda eftir 1% af kaupi sjómanna sem greiða skal til viðkomandi stéttarfélags samtímis greiðslum til styrktar-, sjúkra- og orlofsheimilásjóðs, þ.e. um leið og reikningsuppgjör fer fram eftir lok hvers kauptryggingatímabils.

10. gr. Greiðsla útgerðar í styrktar- og sjúkrasjóði.

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi sjómannafélags, sem svara 1% af öllum launum fyrir hvern hlutaráðinn mann, sem samningur þessi tekur til, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði.

Á sama hátt og af sömu upphæð skulu útvegsmenn greiða 0,25% í orlofsjóð félaganna. Skulu gjöld þessi greidd í lok hvers tryggingartímabils.

11. gr. Veikinda- og slysalaun sjómanna.

Um laun í slysa- og veikindatilvikum skipverja fer skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Greinin orðast þannig:

„Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausú frí er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfelld skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaup, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.“

12. gr. Slysaftryggingar.

Útgerðin skal tryggja hvern þann mann sem samningur þessi nær til og slasast um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985 með álagi sem bótafjárhæðir hafa verið reiknaðar til og gilda á samningstímanum. Einnig hefur verið bætt við e. lið í töluliði 1, auk nýjum tölulið nr. 3. Álag sem hér er getið um og 2. ml. þessarar málsgreinar taka gildi 1. febrúar 2008. Greinin með framkominni skýringu orðast svo:

„Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skipprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir:

1. Dánarbætur:

- a) **3.047.705 kr.** við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

- b) **3.498.230 kr.** til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt ceða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.
- c) Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar **31.051 kr.** Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa töluliðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
- d) Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar **19.903 kr.**“
- e) **1.523.853 kr.** til dánarbús hins látna ef hann lætur hvorki eftir sig maka né börn.

„2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

- a) Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar **1.340 kr.**, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: **105.062 kr.** fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1–25%, **210.127 kr.** á bilinu frá 26–50% og **315.190 kr.** fyrir hvert örorkustig umfram 50%.“

3. Líftrygging fiskimanna 3.496.907 kr.

„Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.““

Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á launavísitölu og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

Frá 1. janúar 2009 skulu bætur úr váttryggingu þessari ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.

Bætur úr váttryggingu þessari dragast frá skaðabótum frá útgerð.

Skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila eða samkvæmt ábyrgðartryggingu koma til frádráttar bótum samkvæmt váttryggingu þessari.

Um váttryggingu þessa skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatryggingu sjómanna.

Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eigenda, skerðast bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur.

Frá 1. janúar 2009 skal kostnaðarhlutdeild hinna tryggðu vera kr. 2.648 á mánuði (miðað við verðlag 1. janúar 2008) og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði. Þessi fjárhæð taki sömu breytingum og kauptrygging tekur á hverjum tíma. Kostnaðarhlutdeildin skal vera óháð stöðu hins tryggða um borð.

Framangreind ákvæði þessarar greinar skulu jafnframt gilda á skipum, sem stunda veiðar er upp kunna að verða teknar á samningstímanum, en ekki eru tilgreindar í samningi þessum.

13. gr. Réttur til launa vegna veikinda barna.

Eftir fyrsta starfsmánuð er skipverja heimilt að verja allt að 7 dögum á kauptryggingu á hverju 12 mánaða tímabili til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri ummönnun ekki við komið.

Eftir eins árs starf á sama skipi eða hjá sömu útgerð er skipverja með sama hætti heimilt að verja samtals 10 dögum á kauptryggingu til aðhlyningar börnum sínum

undir 13 ára aldri.

Með börnum er einnig átt við fósturbörn og börn sem eru á framfæri viðkomandi skipverja.

Greiðslur skv. framansögðu koma því aðeins til ef viðkomandi skipverji missir sannanlega af launum vegna nauðsynlegrar ummönnunar barna sinna.

14. gr. Gildistími samningsins.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2010 og rennur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Frá 1. janúar 2009 er samningurinn þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með mánaðar fyrirvara.

Reykjavík 21. desember 2007.

f.h. FFSÍ, SSÍ og VM
Sævar Gunnarsson (sign)
Guðjón Ármann Einarsson (sign)
Örn Friðriksson (sign)
Árni Bjarnason (sign)
Magnús Magnússon (sign)
Hólmgeir Jónsson (sign)
Halldór A. Guðmundsson (sign)

f.h. Landssambands smábátaeigenda,
Pétur Sigurðsson (sign)
Arthur Bogason (sign)
Örn Pálsson (sign)
Alexander F. Kristinsson (sign)
Halldór Ármannsson (sign)